

## Formannafundur UMSB í Logalandi 3. maí 2016

Mætt eru:

Hrönn Jónsdóttir	Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar
Bjarnheiður Jónsdóttir	Umf. Dagrenning
Agnes Guðmundsdóttir	Umf. Stafholtstungna
Anna Dís Þórarinsdóttir	Stjórn UMSB
Þórður Sigurðsson	Skotfélag Vesturlands
Ívar Örn Reynisson	Knattspyrnudeild Skallagríms
Svandís Bára Steingrímssd.	Umf. Egill Skallagrímsson
Guðrún Þórðardóttir	Dansíþróttafélag Borgarfjarðar og stjórn UMSB
Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsd.	Umf. Reykdæla
Kolbeinn Magnússon	Hestamannafélagið Faxi
Heiður Hörn Hjartardóttir	Sunddeild Skallagríms
Anna Baldrún Garðarsd.	Sunddeild Skallagríms
Lena Johanna Reiher	Umf. Íslendingur
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Stjórn UMSB
Pálmi Blængsson	Framkvæmdastjóri UMSB

### **1. Farið yfir starf félaga og deilda innan UMSB**

Agnes – Umf. Stafholtstungna

- Keyptu Ringo hluti fyrir grunnskóladeildina á Varmalandi
- Halda áramótabrennu og flugeldasýningu
- Fara á í aðgerð á skóginum á Varmalandi þar sem mikið hefur brotnað þar í vetur
- 1. júní hlaup (er reyndar yfirleitt á 17. júní)
- Skipuleggja gönguferð og reiðtúr yfir sumarið
- Fjáröflun félagsins er dósasöfnun og dyravarsla á Harmonikkuhátíð á Varmalandi
- Unglingalandsmót
- Gefa út fréttabréf fljótlega

Bjarnheiður – Umf. Dagrenning

- Aðalfundi félagsins nýlokið, þar var ákveðið að efla félagsandann
- Enginn yngri en 16 ára í félaginu
- Fara á í endurbætur á Brautartungu

Hrönn – Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

- Það eru tveir þjálfarar að vinna hjá félaginu í ár
- Félagið fær lítinn tíma í íþróttahúsinu þrátt fyrir að vera með ca. 50 iðkendur
- Ákveðið var að sleppa frjálsíþróttaskólanum þetta árið og einbeita sér alfarið að ULM

#### Lena Reiher – Umf. Íslendingur

- Hreppslaugarvinna í gangi – múr og málningarvinna
- 17. júní hátíð og Mannamótsflöt á Jónsmessunni
- Verið er að skipuleggja íþróttæfingar fyrir sumarið
- Hreppslaugarhlaupið er í ágúst
- Félagið hefur boðið upp á áramótabrennu á Hvanneyri

#### Anna Baldrún – Sunddeild Skallagríms

- Uppbrot reglulega meðfram sundæfingum
- Lionsmót haldið í haust
- Æfingar fyrir eldri í boði með ÍA, einn sem nýtir sér það aukalega við æfingarnar sínar
- Tveir þjálfarar og einn aðstoðarþjálfari
- Garpa æfingar hafa svolítið dottið niður – stefnt á að efla það næsta vetur

#### Kolbeinn – Hestamannafélagið Faxi

- KB mótariðin gekk vel og var frá febrúar til apríl
- Meistaradeild Vesturlands, gekk vonum framar
- Knapamerkjanámskeið hafa verið haldin á Skáney -> í tengslum við GBF
- Íþróttamót um helgina næstu á milli Faxe og Skugga
- Gæðingamót 11.- 12. júní, úrtaka fyrir Landsmót hestamanna á Hólum í sumar
- Faxagleði – frjálsgleg keppni með alvarlegu ívafi

#### Sjöfn – Umf. Reykdæla

- 10 nefndir sem starfa hjá félaginu, t.d. leiknefnd sem var að sýna Óþarfa offarsi
- Íþróttanefnd er á fullu að skipuleggja æfingar fyrir sumarið, t.d. verður sundnámskeið fyrir árganga 2010 – 2012 í tvær vikur í maí og einhverjar aðrar æfingar byrja í maí
- 17. júní, þá er riðið til messu, borðað hangikjöt, leikir o.fl.
- Stefnt er á að leggja göngustíga í skóginum við Logaland
- Unglingalandsmót
- Logaland er í eigu félagsins og það er boðið til útleigu til t.d. ættarmóta o.fl.
- Sundið er á mikilli uppleið og ætlar félagið að halda Héraðsmót 12. maí.

#### Guðrún – Dansíþróttafélag Borgarfjarðar

- Ætluðum að vera með æfingar hjá Tómskundaskólanum en samningar náðust ekki við danskennara frá Akranesi
- Eru í samningaviðræðum við Ásrúnu danskennara
- Sterkir dansarar hjá félaginu, einn í A-landslíði fullorðinna og önnur í landslíði unglinga. Þau hafa bæði áunnið sér keppnisrétt á sterkum mótum erlendis.
- Mögulega verður balletnámskeið í ágúst.

Svandís Bára – Umf. Egill Skallagrímsson

- Ekkert að gerast í félaginu

Ívar Örn – Knattspyrnudeild Skallagríms

- Svipaður iðkendafjöldi og síðastliðið ár
- Keppnisferð til Finnlands með einn flokk og tveir af þeim voru valdir í úrtak fyrir landslið 16 ára og yngri
- Meistaraflokkur stóð sig vel í fyrra og markmið sumarsins er að komast upp um deild
- Fjáröflun félagsins – tvö böll haldin, áramótaball í Hjálmakletti og Brákarhátíðarball
- Gefa út fréttabréfið Skallinn, veglegt þetta árið þar sem Umf. Skallagrímur verður 100 ára í desember

Þórður – Skotfélag Vesturlands

- Vesturlandsmóti í skotgreinum nýlokið hjá þeim
- Berjast fyrir skotsvæði utanhúss
- Hefðbundnar æfingar 3x í viku, ágætis mæting á æfingarnar
- Verða með opið hús laugardaginn 7. maí
- Unglingalandsmót í samstarf við Skotfélag Íslands, jafnvel bogfímikeppni

## **2. Sabína Steinunn frá UMFÍ kynnir Hreyfivíkuna**

- Færðu Hreyfivíkuna fram á vorið því þá þyrstir fólki oft í hreyfingu
- Hreyfivíkan er verkefni á vegum ISCA – international Sport and Culture association
- Opið fyrir alla að taka þátt og tóku 38 Evrópulönd þátt haustið 2015, núna er stefnan tekin á 42 – 45 lönd í Evrópu
- UMFÍ hefur tekið þátt síðan árið 2012, alveg frá byrjun
- Ólíkar herferðir – ólíkir hópar
- Haustið 2015 hófst sundkeppni sveitarfélaga – góð þátttaka
- Allir viðburðir í boði
- 365 miðlar verða styrktaraðilar þetta árið
- Kynningarefnið í ár eru sundboltar og frísbíðiskar

## **3. Unglingalandsmót – Pálmi kynnir**

- Pálmi fór yfir hverjir væru í Unglingalandsmótsnefnd og sagði frá því að búið væri að ráða Evu Hlín sem verkefnastjóra
- Farið yfir keppnisgreinar og sérgreinastjórana við hverja grein

- Pálmi kynnti þær framkvæmdir sem væru fyrirhugaðar í vor og sumar

- Kynnt var hvernig uppgjör eftir mót skiptist í eftirfarandi:

- UMSB – 15%
- Fastar tekjur  
Keppnisgreinar með fleiri en 10 keppendum – 150.000 kr.  
Keppnisgreinar með 10 og færri keppendum – 50.000 kr.  
Sýningagreinar – 50.000 kr.
- Restin skiptist eftir:  
Fjöldi keppenda í grein 60% (var 75% á Akureyri)  
Fjöldi vinnustunda 40% (var 25% á Akureyri)

- Farið yfir hvað aðildarfélögin geta gert til aðstoðar fyrir Unglingalandsmótið

- Mátun á UMSB göllum verður á morgun, miðvikudag, í íþróttmiðstöðinni í Borgarnesi kl. 18 – 20. Áætlað er að hafa 2 – 3 mátanir fyrir Unglingalandsmótið.

#### **4. Sumarstarf UMSB – Pálmi kynnr**

- UMSB hefur umsjón með leikjanámskeiðum og vinnuskólanum

- Boðið verður upp á leikjanámskeið á fjórum stöðum, í Borgarnesi, á Hvanneyri, á Kleppjárnsreykjum og á Bifröst

- 1. – 4. bekkur fær leikjanámskeið allt sumarið og 5. – 7. bekkur út júlí.

- Skráning í sumarfjórið fer fram fljótlega. Vikurnar verða þematengdar og skrá krakkarnir sig viku fyrir viku.

- Eitthvað í boði á öllum stöðum en framboðið er mismunandi, fer eftir starfsmönnum á hverjum stað.

- Vinnuskólinn fyrir 8. – 10. bekk verður frá byrjun júní til loka júlí.

- Krakka í vinnuskólanum hafa möguleika á ýmsu öðru en garðyrkjustörfum, t.d. að vera í leikskólum, aðstoða íþróttafélögin o.fl.

#### **5. Önnur mál**

a) Fyrirspurn kom frá Lárusi hjá Lyftingafélagi Íslands um að hann vill koma og halda námskeið í ólympískum lyftingum. UMSB hefur fengið styrk til þess að halda námskeiðið og mun það vera auglýst fljótlega.

b) Það vantar nýtt fólk í Göngunefnd UMSB og auglýsir Pálmi eftir áhugasömu fólk. Agnes – vantar meira af fjölskyldugöngum á móti erfiðari göngum.

Hrönn – UMFÍ er hlutaðeigandi að Vappi sem er gönguapp þar sem eru merktar inní gönguleiðir og ýmis fróðleikur.

- c) Pálmi biður stjórnir aðildarfélaganna að senda sér lög félaganna og hverjir eru í stjórnnum félaganna. Einnig hefur sambandsstjóri áhuga á því að vita hvenær aðalfundir félaganna eru til þess að geta fylgst betur með hvað er að gerast hjá félögunum.

Fundi slitið kl. 22:10  
Sólrún Halla ritaði fundargerð